



# LÍF OG HEILSA

## Við vinnum fyrir samfélagið ...

SÍBS Líf og heilsa er **forvarnaverkefni um lífsstíl og heilbrigði** þar sem SÍBS og Hjartaheill heimsækja hvert bæjarfélag og bjóða ókeypis heilsufarsmælingu og þátttöku í könnun um lífsstíl og heilsufar.

Almenningur á hverjum stað fær boðunarbréf um þátttöku í **ókeypis heilsufarsmælingu** tiltekinn dag, oftast í íþróttamiðstöð, heilbrigðisstofnun eða skóla á viðkomandi stað.

Mældur er blóðþrýstingur, blóðfitu, blóðsykur og súrefnismettun auk þess sem þátttakanda er boðið að taka þátt í **könnun um lífsstíl og heilsufar** sem snertir á flestum áhrifaþáttum heilbrigðs lífs.

Verkefnið er unnið í samstarfi við aðildarfélög SÍBS, heilbrigðisstofnanir á hverjum stað og verkefnið Heilsueflandi samfélag ef viðkomandi sveitarfélag er þátttakandi í því.

Styrktaraðilar auk SÍBS og aðildarfélaga þess eru **Embætti landlæknis** gegnum Lýðheilsusjóð, **velferðarráðuneytið** gegnum safnliði fjárlaga um verkefnastyrki til félagsamtaka og **Máttarstólpar SÍBS**.

## ... og leitum til þín um aðstoð

Auk grunnstyrkja er sem að ofan greinir leitum við til **fyrirtækja og stofnana á hverjum stað** um að ljá verkefninu lið þar sem töluverður kostnaður fellur til vegna ókeypis mælinga í þínu byggðarlagi.

Því bjóðum við þínu fyrirtæki að sýna í verki **áherslu fyrirtækisins á heilbrigði og vellíðan** með því að styrkja verkefnið Líf og heilsa með stöku fjárframlagi.

Gegn styrk að fjárhæð 50 til 100 þúsund krónur fær fyrirtækið **logomerki sitt á forsiðu boðunarbréfs** sem sent er inn á hvert heimili í byggðarlaginu sbr. dæmi hér að neðan.

Greiðsluupplýsingar:

Heilsumiðstöð SÍBS

kennitala: 421115-0360

banki: 0133-26-021119

fjárhæð: kr. 50 til 100 þús.

logo sendist á: [mattarstolpar@sibs.is](mailto:mattarstolpar@sibs.is)

**Með þökk fyrir stuðninginn við betra líf og heilsu í þínu nærsamfélagi!**

Guðmundur Löve,  
framkvæmdastjóri SÍBS



**Með því að styrkja verkefnið SÍBS Líf og heilsa í þínu byggðarlagi fær fyrirtækið logomerki sitt prentað á boðunarbréf sem sent er á öll heimili á staðnum**